


Fornleifaskráning í landi Hamra í Laxárdal, Dalabyggð vegna fyrirhugaðrar skógræktar

VERKEFNISNÚMER: 3273



Dr. Kevin Martin
Fornleifafræðingur
Sóltún 6A, Hvanneyri
Sími: 7734748
Netfang: irisharch@gmail.com


June 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lög um skráningu fornleifa á Íslandi	8
Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni	10
Skoðun á gagnagrunninum Sarpi	11
Skoðun á eldri kortum af svæðinu	15
Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins	17
Ráðleggingar	20
Heimildarskrá	23

*Forsíðumynd: Kort af fornleifaskráningu rannsóknarsvæði 3273. (KM 2024)

Inngangur



Mynd 1: Staðsetning rannsóknarsvæðisins (rauður punktur) á Hömrum, Laxárdal, Dalabyggð (Bing Sat. Basemap)

Í janúar 2024 hafði Ríkey Ásta Þórsteinsdóttir (Verkefnastjóri framkvæmda og gæðmála) frá fyrirtækinu Yggdrasill Carbon ehf, fyrir hönd landeiganda, Ketils Gunnarssonar, samband við höfund og óskaði eftir fornleifamati á landi (Mynd 1) þar sem áform eru um skógrækt (Mynd 2). Rannsóknarsvæðinu (198ha.) að Hömrum var skipt upp í tvö svæði, Svæði A (circa. 60 ha) og hið stærra Svæði B (138 ha.) staðsett 1 km til austurs. Svæði A er afmarkað til vesturs af Sámstaðaá og er 1.5km norður af Laxá og Laxárdalsvegi (59). Svæði B afmarkast í austri af Hólmavatnsá og er 0.5km norður af Laxá og Laxárdalsvegi (59). Beint vestur af Svæði B var gamla bæjarstæðið að Hömrum þar sem höfundur hafði nýlega skráð nokkrar minjar (Byggingar, túnamerki) (**Nr. 3164**), Martin 2023a, 2024. Þetta eru nálægustu minjarnar við rannsóknarsvæðið sem um ræðir hér.

Svæði A & B er blanda af mýrlendi, melum, mosagrónum hlíðum og þýflendi ásamt grýtlendi. Í dag er landið aðeins nýtt til sauðfjárbæitar. Höfundur hafði aðgengi að öllu landinu á meðan á rannsókn stóð.

Rannsóknarsvæðið er staðsett í austri og vestri í brattri brekku sem nær uppað melum sem kallast Hamraborgir og er þaðan gott útsýni til suðurs og austurs. Næsti bær eru Sámstaðir, 2km til suðvesturs og Svalhöfða, 1.5km til austurs. Rannsóknarsvæðið hefur ekki verið raskað vegna nútíma uppbyggingu og ekki verið snertur síðan hann fór í eyði 1946.¹ **Miðjuhnit** svæðis A eru **65.211211, -21.481658 (65°12'673"N, 21°28'899"W)**, ISN93: **383.890, 525.826**. **Miðjuhnit** svæðis B eru **65.214756, -21.433710 (65°12'885"N, 21°26'023"W)**, ISN93: **386.148, 526.133**. Næstu friðlýstu fornleifar eru Lambastaðanes - garðlag og tóft af kirkju - (nr. **38001201**) sem eru í 10km fjarlægð suð-vestur af viðkomandi svæði. Auk þess eru í 3,9 km fjarlægð friðaðar fornleifar við Sólheima (nr. **DA-082**), (Mynd 3). Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar, manntalsskrár og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, sjá hér að neðan.

Saga svæðisins frá Pétursson, E. (2003) *Dalasýsla: sýslu- og sóknarlýsingar*. Sögufélag.

Laxárdalur liggur milli tveggja hálsa frá sæ til austnorðurs að fjallendum [...] milli Dala- og Strandasýslna, og rennur Laxá eftir endilöngum dalnum, sem heita má einn hreppur, því aðeins fjórir bæir standa fyrir innan Hjarðarholtsháls. Hjarðarholt er þingstaður, og kallast sveitin því Hjarðarholtsþingsókn. Eru hennar takmörk frá ánni Fáskrúð suður að Haukadalsá sem aðgreinir Miðdali, en að landsunnanverðu landamerki milli Þorbergsstaða og Þorsteinsstaða.

Hamrar, 16 hndr., líkir landkostir og gæði, en hagaminna á vetrum er á þessum jörðum þegar svo langt kemur fram í dalinn. Bærinn stendur undir litlum klettahömrum, hátt í hálshlíðinni, þar fyrir framan rennur Hólmavatnsá ofaní Laxá.

¹ Þetta er ártal sem var vísað til í Sarpur gagnagrunnsfærslu fyrir bæinn Hamra

Kirkjan á Sauðafelli á Hlíðartún í Sökkólfssdal, Kross í Haukadal og Hamra í Laxárdal, hvör 16 hndr. afrétt í öllum Sandsdal; 5hndr. í Saurbæjarfjöru; í fríðu 24 málnytukúgildi. Báðar kirkjurnar eru nú altimburhús.

Hamrar í Jarðabók

Hamrar.

Jarðardýrleiki xvi.

Eign Sauðafellskirkju í Miðdölum

Ábúandinn Margret Jónsdóttir.

Landskuld lxxx álnir. Betalast í landaurum.

Leigukúgildi v. Leigur betalast í smjöri heim eða skikkast annarstaðar.

Túnið sumpart sljett, sumpart þýft, víða snögt. Engjar á dreif viðlendar, misjafnt grasgóðar. Hagar í besta máta og viðlendir. Selstaða er í heimalandi góð, jafnlega brúkuð. Útigangur heilnæmur þegar niðri nær, en mjög vetrarhart.

Kvikfjenaður er þar iii kýr, í kvíga, i kálfur, xxxiii ær, ii sauðir geldir, xxx lömb, ii.

Hestar, ii. Hross. Þar kann að fóðrast iii kýr, xl ær, lömb, iii hestar.

Heimilismenn vi.

Lax og silúngsveiði hefur þar verið að stóru gagni; nú um nokkur ár hefur hún ekki iðkuð verið, og ekki gengið í ána að neinum riðum. Í stöðuvötnunum þar mætti og veiða silúng. Álfra eggver kann að vera að nokkru gagni þegar til vill. Grasatekja hefur verið í betra lagi, nú lakari. Hvanni og hvannarætur lítilsháttar.

Bæjarlækurinn grefur stundum túnið; item stendur í því vatn og grefur úr jörðina.

Engjum spillar sami lækur, með því hann ber á þær leirmóðu, so þær spretta ekki.


Þar er mjög snjóasamt á vetur og óveðrasamt. Vatn þrýtur oft, of verður þá stundum að þiða vatn úr snjó til að gefa fjenaðinum; stundum næst vatn lánan veg í burt. Kirkjuvegur er mjög langur og erfiður til að sækja á vetrardag.

Magnússon, A. og Vídalíns. P. 1925-1927, Jarðabók VII, P. 72-73.

Manntal 1703

Sex skrár í manntalinu 1703 eru til um einstaklinga sem bjuggu að Hömrum í Laxárdal í Dalasýslu. Nöfn og tilvísunarnúmer eru skráð hér að neðan.

Arnór Ormsson, Auðkenni: 13125, Jón Ormsson, Auðkenni: 13126, Páll Ormsson, Auðkenni: 13127, Hallgerður Ormsdóttir, Auðkenni: 13128, Guðrún Ormsdóttir, Auðkenni: 13129, Margrjet Jónsdóttir, Auðkenni: 13124



Mynd 2: Kort sem sýnir rannsóknarsvæði nr. 3273 (Svæði A & B) að Hömrum í gulu. (KM 2024)



Mynd 3: Friðlýstar/Friðaðar fornleifar í nágrenni Hamra (Minjastofnun íslands gagnagrunnur)

Lög um skráningu fornleifa á Íslandi

Eftirfarandi tilvitnanir eru af vefsíðu Minjastofnunar Íslands (www.minjastofnun.is). Þar kemur fram núverandi löggjöf á Íslandi er varða fornleifar (Lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allar ráðleggingar varðandi fornleifar sem fram koma fylgja þeim lögum í hvívetna. Frekari skýringar á löggjöfinni má finna í hlekknum hér að neðan.²

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.


Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa **friðuð**.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni

Sjö fornleifarannsóknir hafa verið skráðar á svæðinu en þær innihéldu ekki Hamra (Mynd 4).

- 2024 Kevin Martin (**3164**) Deiliskráning fornleifa að Hömrum, Svæði B, Dalabyggð
- 2024 Antikva ehf, (**3257**) Fornleifaskráning vegna skógræktar á Ljárskógarheiði
- 2023a Kevin Martin (**3164**) Deiliskráning fornleifa að Hömrum, Dalabyggð
- 2023 Antikva ehf, (**3120**) Ljárskógar. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags
- 2023b Kevin Martin, (**3038**) Fornleifaskráning í Ljárskógum, Dalabyggð
- 2022 Byggðasafn Skagfirðinga, (**2812**) Fornleifaskráning vegna breytinga á hluta Laxárdalsvegur í Hrútafirði
- 2019 Fornleifastofnun Íslands, (**2157**) Sólheimar í Dalabyggð. Aðalskráning forminja vegna vindorkugarðs.
- 2018 Bjarni F. Einarsson, (**2815**) Fornleifaskráning í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs



Mynd 4: Svæði sem sýna fyrri fornleifarannsóknir (3120), (3038), (3257), (2815), (2157), (2812), (3164) í Dalabyggð. Gulur sýnir svæðið á Hömrum (3273) sem um ræðir (Minjastofnun Íslands, gagnagrunnur).

Skoðun á gagnagrunninum Sarpi

Höfundur kannaði gagnagrunninn Sarp og fann tvær skráningar sem sýna gamlar byggingar að Hömrum. Báðar skráningar eru svart-hvítar myndir teknar að Hömrum af Sigurhans Vigni (1894-1975). Í skráningunni segir að myndirnar séu teknar á árunum 1966-1968. Lýsingin á báðum myndum segir að búið hafi verið á bænum til 1946. Báðar myndir má sjá að neðan sem Mynd 5 & 6. Myndirnar sýna nokkrar byggingarrústir að Hömrum í mun betra ástandi en í dag. Á einni myndinni (Mynd 5) má greina uppistandandi vegg (líklega í íbúðarhúsinu 3164-08) í frekar góðu ástandi og má greina vel síldarbeinamynstur í torfveggnum. Mynd 6 er úr meiri fjarlægð og sýnir fleiri byggingar við bæinn. Það er túlkað að byggingin sem sést hægra megin sé íbúðarhúsið (3164-08) og rústirnar til vinstri eru túlkaðar sem Búfjárhús (3164-11). Ekkert fannst í gagnagrunninum frá rannsóknarsvæði A & B (3273).



Mynd 5. Rústir að Hömrum frá miðjum sjötta áratug síðustu aldar. Sjá má síldarbeinamynstrið í torfveggnum. (Sigurhans Vignir) Sarpur Nr. 2012-1-124.



Mynd 6. Rústir að Hömrum frá miðjum sjötta áratug síðustu aldar. (Sigurhans Vignir) Sarpur Nr. 2012-1-123.

Nokkur örnefni eru skráð í nágrenni rannsóknarsvæðisins og má finna lista með þeim öllum hér að neðan:

Sigtryggur Jónsson var Heimildamaður in 1967. Ari Gíslason var skrásetjari.³

Þónokkuð af örnefnum eru skráð í landi Hamra. Nánari lýsingu má finna á vefnum nafnid.is, sjá hlekk í neðanmálsgrein hér að neðan. Hér fyrir neðan má finna örnefni skráð í Sarp. **Nr. 137562-83.** Tekið skal fram að ekki var hægt að fá áreiðanlegar upplýsingar um nákvæmar staðsetningar einstakra minja sem getið er um í örnefnaskrá.

Akurbrekka, Akurbrekkavad, Bakkafell, Beinhóll, Beinhólsbárð, Bjarnarvarða, Borgerendi, Borgir Breiðeyrar, Byrgi, Byrgisflói, Byrgishóll, Bæjarlækur, Bæjartjörn, Bælisbrekka, Dagmalaeyri Dagmálhóll, Dausmannkvísl, Dausmannkvíslarfloi, Dausmannvatn, Djúpadalsbárð, Djúpidalur Efri -Móhóll, Einbúafloi, Einbúhrygg, Einbúi, Litli-Einbúl, Stóri-Eldborg, Engi, Engislækur, Engisvatn, Engjanef, Fiskivätn, Fjallhryggssendi, Fjallhryggur, Fjörðungavatn, Fjósflät, Framtún, Gráborg, Gullhamar, Gullhamarsvatn, Háabrekka, Hádegisholt, Hamrafljót, Helguhóll, Hesthúshóll, Hjarðarfell, Hólastykki, Hólmavatn, Hólmavatnsá, Hólsvatnkelda, Hólsvatn, Húsabárd, Húsaborg, Hyrnuholt, Hæstaborg, Illavatn, Illavatnshrygur, Illavatskelda, Kinn, Kirkjuvað, Kolludalur, Kolluhóll, Kristínarfoss, Krókhólar, Krókur, Kvíaból, Kvíavarða, Lambhagkísl, Lambhagavatn, Langavatn, Laxá, Leynifit, Leyningar, Litli-Ein, Lyklhóll, Längubrekkur, Midborg, Miðmorgunsvárða,

³ <https://nafnid.is/ornefnaskra/16183>


Miðmundhóll, Móabard, Mógrafabrekka, * Móhóll, Efri- * Móhóll, Neðri- Móholt, Mómýrasund, Náttmáhóll, Neðri-Móhóll, Nípa, Nípusund, Nóndalur, Orustulág, Reyðarvatnshíð, Reiðgatihuryggur, Reidgátvatn, Sámsstaðaá, Sandhóll, Sandhólsflói, Sandhólslækur, Sel, Selhæðavarða, Selhæðir, Selækúr, Síki, Snjófannaás, Skipból, Skjónalág, Skjjöld, Skógarvád, Skollhóll, Skriður, Stapar, Steinsvatnabrekkur, Steinsvatnak, Steinsvatten, Stekkjarbrekk Stekkjardalur, Stekkjarrhygur.

Að mati höfundar er líklegt að eitthvað af örnefnum sem taldar eru upp vísi til náttúrulegra tilvísana (hamrabelti, hæðir, lækir) í eða í námunda við rannsóknarsvæðið sem um ræðir. Hinsvegar án þess að hafa aðgang að korti með örnefnum merkt inná, fyrir utan auðkennanleg kennileiti eins og Sámsstaðaá (4), Hólmavatnsá (3), Hamraborgir (50) var ógerlegt að staðsetja örnefnin sem um ræddi. Það má þó nefna að þrjár vörður eru nafngreindar í skrá yfir örnefni – Miðmorgunsvarða (96), Kvíavarða (97) and Nýpa (85).

Skoðun á eldri kortum af svæðinu


Höfundur skoðaði eldri kort af viðkomandi svæði til að sjá hvort þau sýndu vísbendingar um fornleifar. Á korti Herföringjaráðs (1905-1915) er bærin Hamrar merktur inn og sýnir eina byggingu (svartur kassi) sem sýnir staðsetningu bæjarins (Mynd 7). Höfundur hefur hnitað inn rannsóknarsvæðið 3273 á Herföringjaráðskortið. Kortið sýnir reiðleið teiknaða með brotalínu sem fer í gegnum Svæði B. Höfundur greindi og skráði hluta slóða sem gekk í norðvestur frá bæjarstæðinu að Hömrum eftir vestari brún Svæðis B. Þetta gæti mögulega verið hluti af reiðleiðinni sem teiknuð er inná Herföringjaráðskortið.

Þá voru einnig skoðuð gömul túnakort frá 1917 (Mynd 8). Fimm byggingar eru merktar inná kortið og skráð sem Búfjárhús x 2, Bær, Fjós og fl. og Bæjarhús. Það er túlkað sem svo að rústir sem sjást í dag eru hluti af byggingum sýndar á túnakorti frá 1917.




Mynd 7: Herföringjaráðskort (1905-1915) sýnir útlínu Hamra svæðisins 3273. Gulur örinn sýnir staðsetninguna sem höfundur telur rannsóknarsvæðið vera. (Landmælingar Íslands).

Hinsvegar eins og sést á Mynd 9 eru engar rústir eða minjar innan rannsóknarsvæðis 3273. Vestari endi Svæðis B markast til norðausturs af Hamra bæjarstæðinu (Mynd 9).



Mynd 8: Hamrar túnakort frá 1917 (Teikn. Johannes Guðmundsson)



Mynd 9. Hamrar túnakort útlínað og lagt yfir gervihnattarmynd frá Google af svæðinu. Vestari endi rannsóknarsvæðis 3273, Svæði B, gult sést einnig. (KM 2024)

Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins


Höfundur yfirfór rannsóknarsvæðið 3273 að Hömrum yfir fjóra daga í lok maí og byrjun júní 2024. Allt svæðið var gengið og skoðað að mestu leiti í þurru og sólríku veðri. Það skal athugað að höfundur rannsakaði aðeins svæði innan þess sem um ræðir í rannsókn þessari (Mynd 2). Þarf því að fá aðra fornleifaskráningu ef á að fara í framkvæmdir utan þess svæðis sem um ræðir í skýrslu þessari og í samráði við Minjastofnun Íslands. Könnunin var framkvæmd með Trimble GeoExplorer 6000 Series handmæli til að skrá mögulegar fornminjar og skráningarupplýsingar fluttar inn í QGIS og lagaðar að svæðinu.

Alls voru 9 minjar skráðar. Miðjuhnit þeirra voru skráð (Tafla 1). Allar þær eru túlkaðar sem mögulegar fornminjar sem eru yfir 100 ára og falla undir lög um varðveislu fornminja og þarfnast 15m helgunarsvæðis í kringum sig. Að auki var einn áhugaverður staður skoðaður sem höfundur

tók eftir og er lítill náttúrulegur hellir innan svæðis B, 75m suður af 3273-07 undir kletti (Mynd 17). Hellismuninn var 0.90m á hæð og 2.40m á breidd 1m djúpur. Hann er ekki talinn hafa fornleifanlegt gildi eða vera manngerður. Engar heimildir eru um helli í örnefnaskrá fyrir Hamra. Hnit hans eru N. 526188, E. 385747 og er hann 189m yfir sjávarmáli.

Nr	Teg.	Hættumat, Hætta	Ástand	Aldur	Friðlýst	Mótv.	GPS Miðjuhnit, ISN93
3273-01	Varða	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt	1700-1900	Nei	Engar	E 384177, N 525932
3273-02	Varða	Ekkert, Engin	Lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 384477, N 525397
3273-03	Varða	Ekkert, Engin	Lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 384303, N 525422
3273-04	Varða	Framkvæmdir, Líklegar	Lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 384296, N 525518
3273-05	Varða	Framkvæmdir, Líklegar	Lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 384255, N 525561
3273-06	Varða	Ekkert, Engin	Lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 385593, N 526351
3273-07	Varða	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt-lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 385732, N 526265
3273-08	Varða	Framkvæmdir, Líklegar	Lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 385740, N 525796
3273-09	Gata	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt-lélegt	1700-1900	Nei	Engar	E 385455, N 525918

Tafla 1. Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í landi Hamrars



Mynd 10: Minjar sem fundust við fornleifarannsóknina staðsettar á rannsóknarsvæðinu. (KM 2024)

Ráðleggingar

Allar mögulegar minjar sem eru skráðar eru taldar af höfundi að vera að minnsta kosti yfir 100 ára gamlar og tengjast fyrrum búsetu að hömrum. Þrjár af minjum sem voru skrásettar eru tæknilega fyrir utan rannsóknarsvæðið 3273 sem um ræðir hér en nógu nálægar til að höfundi fannst mikilvægt að telja þær með hér. Þar sem minjarnar eru vörður og hluti af götu er erfitt að aldursgreina þær af nákvæmni vegna skorts á mannvistarleifum eða munum. Þegar rannsaka þarf einfaldar fornleifar eins og túngarða eða svipuð mannvirki er oft gerður þverskurður gegnum þau og snið teiknað upp. Við þá vinnu finnast stundum munir sem gefa vísbendingu um aldur. Svæðið er myndað og leitað er eftir gjóskulagi til að aldursgreina ef þurfa þykir.

Landeigendur og Yggrasill Carbon eru meðvitaðir um þessar minjar og hefur þegar verið tilkynnt um staðsetningu þeirra. Líklega má sneiða hjá fornleifum í flestum ef ekki öllum tilfellum, en ef ekki þarf að bregðast við því. Bent er á að allar minjar eldri en 100 ára séu friðaðar og þeim fylgir friðunarsvæði 15 m frá ystu mörkum þeirra. Sjá meðfylgjandi fornleifaskrá fyrir frekari upplýsingar.


Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til, með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir raski á minjum í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfang og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Ef talið sé að öryggi minjanna verði ekki tryggt þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar skal eftirfarandi reglum fylgt finnast fornminjar


Fundur fornminja

Finnast fornminjar (forngripir eða fornleifar) sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökla, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.



Mynd 12 – Skráðar minjar að rannsóknarsvæði 3273, Area A með 15m friðunarsvæði (KM 2024)



Mynd 13 – Skráðar minjar að rannsóknarsvæði 3273, Svæði B með 15m friðunarsvæði (KM 2024)

Heimildarskrá

Annálar 1400-1800. 1-8. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Einarsson, B. F, 2018. **(2815)** *Fornleifaskráning í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs.*

Helgason, G. & Gylfadóttir, R.G. 2019. **(2157)** *Sólheimar í Dalabyggð. Aðalskráning forminja vegna vindorkugarðs. FS 768-19411.* Fornleifastofnun Íslands.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn.

Magnússon, A. og Vídalíns. P. 1925-1927, *Jarðabók VII*. Kaupmannahöfn.

Martin, K. 2024. **(3164)**. Deiliskráning fornleifa að Hömrum, Svæði B, Dalabyggð.

Martin, K. 2023a. **(3164)**. Deiliskráning fornleifa að Hömrum, Dalabyggð.

Martin, K. 2023b. **(3038)** *Fornleifaskráning í Ljárskógum, Dalabyggð.*

Hamrar, Ari Gíslason (1967). Örnefnastofnun Íslands.

Pétursson, E.G. (2003). *Dalasýsla: sýslu- og sóknarlýsingar*. Sögufélag.

Tetzschner, R.K & Traustadóttir, R. 2023. **(3120)** *Ljárskógar Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.*

Zoega, B. & Leifsdóttir, Y. 2022. **(2812)** *Fornleifaskráning vegna breytinga á hluta Laxárdalsvegur í Hrótafirði.* Byggðasafn Skagfirðinga.

<http://www.minjastofnun.is/minjar/> , www.sarpur.is

www.manntal.is , www.nafnið.is

www.islandskort.is , www.lmi.is

<https://www.map.is/minjastofnun/>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>



Mynd 13: Dæmigert landslag í vestari enda rannsóknarsvæðis A að Hömrum (KM 2024)




Mynd 14: Samstaðaá í norðvestur horni rannsóknarsvæðis A að Hömrum (KM 2024)



Mynd 15: Dæmigerður melur á beru rannsóknarsvæði B að Hömrum (KM 2024)




Mynd 16: Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæði B að Hömrum (KM 2024)




Mynd 17: Náttúrulegur hellir við klett innan rannsóknarsvæðis B (KM 2024)


Aðal nr.	3273-01
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	31.05.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 384177, N 525932
Tegund Minja	Varða
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	170m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett um.þ.b. 66m vestur af austari enda Svæðis A. Stendur á grýtttri brún.
Lýsing	Rétthyrnd varða stendur á grjótgrunni. Hún er 1.10m á hæð og 1.20m að ummáli. Hæð er um 9-10 steinar og stærð steina var frá 0.2-0.3m á breidd og 0.2-0.6m á lengd.
Annað	




Aðal nr.	3273-02
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	31.05.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 384477, N 525397
Tegund Minja	Varða
Ástand	Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	144.6m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 26m suður af syðri enda Svæðis A. 175m austur af 3273-03
Lýsing	Útflöttog hrunin varða. Allt að 3 steinar á hæð. Hún er 2.30m x 1.30m og 0.55m á hæð.
Annað	




Aðal nr.	3273-03
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	03.12.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 384303, N 525422
Tegund Minja	Varða
Ástand	Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	144.4m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 23m suður af syðri enda Svæðis A. Stendur á grjótgrunni. Staðsett 95m beint suður af 3273-04.
Lýsing	Nokkuð útflött Varða. Hún er 0.80m í þvermál diameter og 0.50m á hæð.
Annað	



Aðal nr.	3273-04
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	31.05.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 384296, N 525518
Tegund Minja	Varða
Ástand	Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	156m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett í suðaustur hluta Svæðis A. 58m suðaustur af 3273-05.
Lýsing	Varðan er á grjótmel. Að mestu hrunin og 1.6m x 1m, 0.30m á hæð.
Annað	




Aðal nr.	3273-05
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	31.05.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 384255, N 525561
Tegund Minja	Varða
Ástand	Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	159m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett í suðaustur hluta Svæðis A. 58m norðvestur af 3273-04.
Lýsing	Útflött/hrunin Varða. 1.7m x 1.5m og 0.4-0.5m á hæð.
Annað	




Aðal nr.	3273-06
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	10.06.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 385593, N 526351
Tegund Minja	Varða
Ástand	Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	201m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 125m vestur af the vestari enda Svæðis B. 20m til austurs af reiðgötu 3273-09
Lýsing	Útflött/hrunin varða. Hringlaga 1.2m í þvermál, 0.6m á hæð. Steinar 0.2-0.4m á breidd
Annað	



Aðal nr.	3273-07
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	13.06.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 385732, N 526265
Tegund Minja	Varða
Ástand	Sæmilegt – Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	201m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 37m austur af vestari enda Svæðis B stendur á grjótblúni.
Lýsing	Vel varðveitt á vestari hlið (5-6 steinar á hæð) en hrunin hliðin se snýr í austur. 1m á hæð, 1.1m á reidd og allt að 1.5m breið þar sem hún er hrunin.
Annað	



Aðal nr.	3273-08
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	10.06.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 385740, N 525796
Tegund Minja	Varða
Ástand	Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	139m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 465m south of 3273-07
Lýsing	Illá varðveitt, óregluleg varða hrúnin að mestu. 2 steinar á hæð, 1.3m x 1.4m. óregluleg stærð steina 0.4-0.5m breidd.
Annað	



Aðal nr.	3273-09
Sysla	Laxárdalur
Sveitarfélag	Dalabyggð
Landareign	Hamrar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	13.06.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 385455, N 525918
Tegund Minja	Gata
Ástand	Sæmilegt – Lélegt
Aldur	1700-1900
GNSS_hæð	135-200m
Friðlýst	Nei
Lega of staðhættir	Gendur eftir vesturbrún svæðis B
Lýsing	Gata eftir hross, sauðfé. Allt að 1.5m á breidd og 0.5m djúp á stöðum.
Annað	Líklega sama gata og er merkt inná Herforingjaráðskortið. Líklega sama gata og var skráð í fyrri fornleifaskráningu 3164-26

